

## 9. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

---

### **BORGARNESI, FIMMTUDAGINN 24. JANÚAR 2019 KL. 15.00**

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, fimmtudaginn 24 janúar kl.15.00 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru: Sigríður Finsen og Brynjar Sigurðarson. Helena Guttormsdóttir, formaður og Sigrún Lilja Einarsdóttir voru með á fundinum í gegnum Skype. Fjarverandi: Jóhannes Haukur Hauksson

Fagráð Uppbyggingarsjóðs sat einnig fundinn, frá fagráði mættu: Helga Guðjónsdóttir, Ragnheiður Valdimarsdóttir, S. Arnar Sæmundsson, Linda Björk Pálsdóttir og Guðný Dóra Gestsdóttir. Fjarverandi: Trausti Gylfason

Auk þess sátu fundinn Ólafur Sveinsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Elísabet Haraldsdóttir og Svala Svavarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

#### **1. FUNDARSETNING**

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### **2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARVERKEFNA, MENNINGARVERKEFNA OG STOFN- OG REKSTRARSTYRKJA 2019**

Svala Svavarsdóttir gerði grein fyrir fjölda umsókna um styrki til uppbyggingarsjóðs. Alls bárust 130 umsóknir og skiptust þær í atvinnu- og nýsköpunarverkefni 34 umsóknir, menningarverkefni 76 umsóknir og stofn- og rekstrarstyrkir til menningarmála 20 umsóknir. Rætt var um vinnulag við yfirferð umsókna.

Ákveðið nýtt verklag hjá Fagráði sem er á þann veg að umsóknir í menningarhlutanum er skipt niður í 6 flokka og í hverjum flokki eru 11-16 umsóknir. Í hverjum flokki er fyrsti lesari og annar lesari. Hver fulltrúi í fagráði er fyrsti lesari yfir einum flokk og annar lesari í öðrum flokki. Þá lesa fulltrúar umsóknirnar í sínum flokkum og rýna í þær jafn vel hvort sem þeir eru fyrsti eða annar lesari. Á lokafundi fagráðs kynnr fyrsti lesari umsóknirnar í sínum flokki og annar lesari getur þá bætt við ef þess gerist þörf.

Ákveðið að óbreytt verklag sé á umsóknum í atvinnu- og nýsköpunarhlutanum sem og stofn- og rekstrarstyrkja til menningarmála hlutanum en þá fara allir fulltrúar yfir allar umsóknir. Ákveðið að Svala sendi fagráði skjal með nákvæmri skiptingu flokka niður á nefndarmenn.

#### **3. Tímasetningar varðandi vinnu við úthlutun 2019.**

Rætt um tímasetningar á fundum fagráðs, úthlutunarnefndar og úthlutunarhátíð Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Ákveðið var:

Fundur hjá fagráði verður 28. febrúar

Fundur hjá úthlutunarnefnd verður 7. mars

Úthlutunarhátíð er áætluð 22. mars

Svala sér um að boða fundina.

Rætt um staðsetningu úthlutunarhátíðar og fundurinn samþykkti að fela starfsmönnum SSV að finna staðsetningu með hliðsjón af staðsetningu hennar síðustu ár.

#### **4. Niðurfelling styrkúthlutunnar**

Rætt um niðurfellingu á eldri styrkveitingum sem hafa ekki skilað af sér lokaskýrslum, en einstaka styrkhafar hafa tilkynnt um að þeir muni ekki nýta styrki sem þeir hafi fengið að hluta eða að öllu leyti.

Fundurinn samþykkti samhljóða að atvinnuráðgjafar fari yfir þær umsóknir sem eru orðnar 2 ára og eldri og meti og taki ákvörðun um það sem fella á niður. Upphæðin sem verður felld niður komi þá til endurúthlutunar í framhaldinu.

#### **5. Skipting fjármuna**

Á Haustþingi SSV 2018 var samþykkt að nýta 60 m.kr. af fjárveitingu til Sóknaráætlunar Vesturlands til Uppbyggingarsjóðs Vesturlands. Sjóðurinn hefur því 60 m.kr. til úthlutunar á árinu 2019.

Lagt er til að fjármagninu verði skipt þannig að 31 m.kr. fari til menningarstyrkja og stofn- og rekstrarstyrkja menningarverkefna og 29 m.kr. fari til atvinnu- og nýsköpunarverkefna.

Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:15